



Reykjavík, 15. desember 2016

Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Félags lífeindafræðinga um 873. mál á 145. Löggjafarþingi, Frumvarp um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkissins, nr. 1/1997, með síðari breytingum (breyting á A-deild sjóðsins)**

Félag lífeindafræðinga (hér eftir nefnt FL) sendi inn umsögn um frumvarpið þegar það var til umfjöllunar hjá fjárlaganefnd, þann 3. október síðastliðinn. Efnislega hefur frumvarpið ekki tekið nægilegum breytingum til að endurspeglar það samkomulag sem gert var 19. september síðastliðinn og áhyggjur okkar eru eftir sem áður þær sömu og fram komu í síðustu umsögn.

Þar sem umsagnarfrestur um frumvarpsdrög þessi var mjög stuttur þá tel ég rétt að í stað þess að endurskrifa ályktun okkar frá 3. október þá vísa ég beint til hennar, ekkert í breyttu frumvarpi lagfærir þá ágalla sem við bentum á í þeirri umsögn. Hvað varðar þær breytingar sem búið er að gera á drögum frumvarpsins þá er sumt til bóta en annað ekki. Í mjög stuttu máli á eru megináhyggjuefni okkar þetta:

- Laun og lífeyrisréttindi eru nátengd hvort öðru, starfsmenn hjá hinu opinbera hafa löngum staðið frammi fyrir þeirri röksemdarfærslu ríkissins við gerð kjarasamninga að lífeyrisréttindi þeirra séu svo verðmæt að það skýri mikinn launamun milli markaða. Því þarf þetta frumvarp að tryggja það með öruggum hætti að fyrrgreind lífeyrisréttindi allra þessa launþega séu og verði sannanlega staðreynd til framtíðar. **Þeir hafa greitt fyrir þau til margra ára með lakari launum.** Það þarf einnig að koma fram með skýrum hætti hvernig jafna á laun milli markaða í framtíðinni, og það þarf að taka miklu styttri tíma en áratug.

Að þessu sögðu vísa ég til fyrri umsagnar FL, við getum ekki stutt það frumvarp sem nú er til umfjöllunar, þrátt fyrir þær breytingar sem búið er að gera þar sem það skerðir réttindi félagsmanna okkar þrátt fyrir samkomulag um annað.

Virðingarfyllst,

Gyða Hrönn Einarsdóttir, formaður.